

Björgunarsveitin Heimamenn

Kæri viðtakandi

Björgunarsveitin Heimamenn á Reykhólum hefur nú hrint af stað fjáröflun til að fjármagna kaup á nýjum björgunarbát, sem á að vera staðsettur á Reykhólum. Um er að ræða Atlantic 75 slöngubát sem er útbúinn öllum helstu tækjum og búnaði sem kröfur eru gerðar um að björgunarbátar hafi nú á tímum. Björgunarbáturinn sem um ræði heitir Hafdís 7677.



Siglingasvæðið sem björgunarbáturinn mun þjónusta er innanverður Breiðafjörður

- Þetta er um margt sérstakt hafsvæði með ógrynni eyja og skerja, sem gerir það að verkum, að straumar þar verða sterkari en gengur og gerist annars staðar við landið. Þetta hefur reynst sjófarendum örðugt í gegnum tíðina.
- Í Reykhólahreppi eru allmörg nes þar sem eru slæmar eða engar vegasamgöngur og getur þurft að fara þangað sjóleiðina ef í nauðirnar rekur. Umferð um þetta svæði hefur verið að aukast undanfarið og mun að öllum líkindum gera það áfram í nánustu framtíð.
- Þörungaverksmiðjan er með talsverð umsvif í Breiðafirði við þangslátt og þaraöflun.
- Á vorin og sumrin er mikil umferð æðarbænda út í eyjar að sinna varpinu.
- Í mörgum eyjum er fólk langdvöllum yfir sumartímann, auk þess sem ferðamennska um þetta svæði fer vaxandi með hverju árinu.

Við leitum nú til ykkar í von um stuðning við þetta verkefni, þar sem við tejum að vel útbúinn björgunarbátur og áhöfn sé mikilvægur hlekkur í öryggismálum sjófarenda við innanverðan Breiðafjörð.

Með fyrirfram þökkum
Björgunarsveitin
Heimamenn

Kt: 430781-0149
Rn: 0153-26-000781

